



Umf. Sindri Frjálsíþróttadeild

Aðalfundur 8. mars 2017
Skýrsla stjórnar fyrir árið 2016

Skýrsla stjórnar

Stjórnarskipti urðu í mars síðastliðnum og nýjar inn í stjórn komu Sandra Sigmundsdóttir og Anna Björg Kristjánsdóttir. Ingólfur Baldvinsson hélt áfram hjá deildinni en hann hefur verið gjaldkeri deildarinnar í mörg ár.

Erfitt hefur reynst að fá þjálfara hjá deildinni, síðastliðinn vetur var Kristinn Snjólfsson að þjálfra og um sumarið kom Ingvi Ingólfsson en Alrún Stephensdóttir og Áróra Dröfn Ívarsdóttir voru í afleysingum. Áróra tók svo við þjálfun um haustið og fram að áramótum en núverandi þjálfari er Anna Soffía Ingólfsdóttir.

Við höldum tvö mót á árinu. Í fyrsta lagi hina árlegu Sindraleikar á Humarhátíðinni en vegna veðurs voru þeir fluttir inn í Báruna. Góð þátttaka var hjá yngri kynslóðinni þrátt fyrir leiðinda veður. Í lok sumarsins var svo slegið saman í slútt og mót þar sem keppt var í nokkrum greinum í blíðskaparveðri.

Iðkendur tóku þátt í nokkrum mótum en flestir keppendur voru á Unglingalandsmóti UMFÍ í Borgarnesi og stóðu þeir sig vel.

Keypt var hlífðardýna á hástökkdýnurnar sem notaðar eru utandyra og hluti af greiðslu fyrir hana var styrkur sem við hlutum frá Rannís. Verið er að byggja hús fyrir hástökkdýnurnar svo hægt sé að hafa þær til taks á vellinum þegar þeirra er þörf og við vonum að það verði tilbúið fyrir sumarið.

Höfn, 4. mars 2017

Anna Björg Kristjánsdóttir, formaður

Ingólfur Baldvinsson, gjaldkeri

Sandra Sigmundsdóttir, ritari

Rekstrarreikningur ársins 2016

	2016	2015
Rekstrartekjur		
Framlög og styrkir		
Sveitarfélagið og Lottó.....	383.772 kr.	206.732 kr.
Rannís styrkur.....	200.000 kr.	
ÍSí.....	17.635 kr.	66.328 kr.
Samtals	601.407 kr.	273.060 kr.
Mótahald.....		
	0 kr.	18.900 kr.
Samtals	0 kr.	18.900 kr.
Æfingagjöld		
Æfingagjöld.....	466.561 kr.	16.000 kr.
Samtals	466.561 kr.	16.000 kr.
Annað		
Tekjur af álfasölu.....	45.100 kr.	0 kr.
Samtals	45.100 kr.	0 kr.
Rekstrartekjur Alls	1.113.068 kr.	307.960 kr.
Rekstrargjöld		
Laun og verktakagreiðslur.....	437.328 kr.	463.000 kr.
Þjónustugjöld.....	0 kr.	50 kr.
Áhöld og tæki.....	343.337 kr.	
Félagaskipti og sala leikmanna.....	5.000 kr.	
Þátttökugjöld í mótum.....	12.000 kr.	2.000 kr.
Kostnaður vegna sýninga/mótahalds	27.871 kr.	
Æfingabúðir.....		6.700 kr.
Samtals rekstrargjöld	825.536 kr.	471.750 kr.
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	287.532 kr.	-198.690 kr.
Fjármagnsliðir		
Fjármagnstekjuskattur.....	-2.035 kr.	-997 kr.
Vaxtatekjur.....	9.970 kr.	4.988 kr.
Samtals	7.935 kr.	3.991 kr.
Hagnaður ársins	295.467 kr.	-194.699 kr.

Efnahagsreikningur ársins 2016

Inneign á bankareikningum	887.694 kr.	592.227 kr.
Samtals	887.694 kr.	592.227 kr.
Handbært fé alls að frádregnum skuldum	887.694 kr.	